



Útkomuspá fyrir árið 2011

Inngangur

Við vinnslu fjárhagsáætlunar liggur útkomuspá fyrir yfirstandandi rekstrarár iðulega fyrir. Í útkomuspánni fást upplýsingar um líklega niðurstöðu í fjármálum sveitarfélagsins (rekstri, sjóðsstreymi og efnahag) á yfirstandandi ári. Útkomuspá er yfirleitt gerð síðla hausts eða snemma vetrar. Allmörg sveitarfélög, þar á meðal flest þeirra stærstu, vinna slíka útkomuspá og birta hana með fjárhagsáætlun þegar hún er afgreidd í sveitarstjórn. Með útkomuspánni fást upplýsingar um hvernig líkleg útkoma sé í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2011. Hún gefur viðkomandi sveitarstjórn möguleika á að átta sig á hvar vandinn liggur ef uppsett markmið hafa ekki náðst og taka viðeigandi ákvarðanir við vinnslu fjárhagsáætlunar fyrir næsta rekstrarár.

Útkomuspáin er meðal annars sett upp til samanburðar við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár og þriggja ára áætlun. Með þessari uppsetningu fæst heildaryfirsýn yfir þróun á fjármálum sveitarfélagsins yfir fimm ára tímabil (útkomuspá, fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun) þegar fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlanir hafa verið afgreiddar.

Sveitarfélög á Íslandi eru 75 talsins. Íbúafjöldi þeirra er afar misjafn, landfræðilegar aðstæður þeirra eru mismunandi svo og ýmsir aðrir þættir. Sveitarfélögunum er því skipt í fjóra flokka til frekari glöggvunar þegar niðurstöður fjárhagsáætlana eru skoðaðar. Þeir eru sem hér segir:

- Reykjavíkurborg
- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkurborgar
- Vaxtarsvæði. Sveitarfélög frá og með Borgarbyggð, suður um Reykjanes og til og með Sveitarfélaginu Árborg, Akureyrarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð.
- Önnur sveitarfélög

Hér á eftir eru birtar upplýsingar úr útkomuspá sveitarfélaga fyrir árið 2011 eins og þær eru birtar samhliða fjárhagsáætlunum sveitarfélaga fyrir árið 2012 (A-hluti).

A-hluti sveitarsjóðs er fjármagnaður að mestu leyti með skatttekjum og hann ber endanlega ábyrgð á rekstri B-hluta fyrirtækja og stofnana. Því skiptir rekstrarstaða og efnahagur A-hlutans höfuðmáli fyrir fjármál hvers sveitarfélags.

Í töflu 1 kemur fram að í lok janúar 2012 lá fyrir útkomuspá fyrir árið 2011 frá 26 sveitarfélögum. Í þeim búa 76,9% íbúa landsins. Í töflunni sést einnig að það eru einkum sveitarfélög í flokknum „önnur sveitarfélög“ sem hafa ekki enn skilað niðurstöðum fjárhagsáætlana og þar með talið útkomuspá fyrir árið 2011 til sambandsins. Mörg þeirra hafa fengið formlegan frest hjá ráðuneyti sveitarstjórnarmála til að skila fjárhagsáætlun síðar en tímamörk kveða á um. Niðurstöður úr útkomuspá þeirra

Bls. 2



Þegar niðurstöður liggja fyrir frá sveitarfélögum með um 76% íbúanna þá má segja að þær gefi ágætlega marktækar upplýsingar um hver niðurstaðan verður fyrir heildina.

Bls. 3



Afskriftir skipta máli varðandi afkomu sveitarfélaganna, enda þótt þær komi ekki til útgjalda á árinu.

Bls. 7



Miklu máli skiptir að fá upplýsingar eins snemma og mögulegt er um hvert stefnir í fjárhagslegri afkomu og efnahag sveitarfélaga.

sveitarfélaga sem hafa skilað upplýsingum eru færðar upp hlutfallslega innan hvers flokks með hliðsjón af íbúafjölda. Niðurstöður í einstökum flokkum eru síðan lagðar saman. Endanleg niðurstaða felur þannig í sér líklega niðurstöðu fyrir sveitarfélagageirann í heild sinni. Þegar niðurstöður liggja fyrir frá sveitarfélögum með um 76% íbúanna þá má segja að þær gefi ágætlega marktækar upplýsingar um hver niðurstaðan verður fyrir heildina.

Athuga ber að sá hluti af útsvarstekjum vegna málefna fatlaðs fólks, sem greidd eru beint frá Jöfnunarsjóði

sveitarfélaga til byggðasamlaga, þjónustusvæða og annarra en sveitarfélaga sem annast framkvæmd málaflokksins, er ekki talin með tekjum sveitarfélaga í þessu uppgjöri. Tilheyrandi kostnaður ekki heldur talinn með. Eftir er að ná utan um þennan hluta málaflokksins sérstaklega þar sem hann er ekki tilgreindur í ársreikningum sveitarfélaga.

Hér á eftir verður farið yfir niðurstöður úr útkomuspá fyrir árið 2011. Skil í einstökum flokkum koma fram í töflu 1.

Tafla 1. Skil fjárhagsáætlana

	Reykjavíkurborg	Hlutf. af heild	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af heild	Vaxtarsvæði	Hlutf. af heild	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af heild	Samtals
Íbúafjöldi	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
Íbúafjöldi í sveitarfélagi sem hafa skilað	118.898		52.814		51.362		21.630		244.704
Fjöldi sveitarfélaga	1		7		16		52		76
Fjöldi sveitarf. sem hefur skilað	1		4		7		14		26
Útsvarsprósenta (vegið meðaltal)	14,40%		14,36%		14,47%		14,47%		14,41%
Hlutfall af íbúafjölda		100,0%		63,4%		73,4%		46,9%	76,9%

Í töflu 1 kemur fram íbúafjöldi í hverjum flokki, íbúafjöldi þeirra sveitarfélaga sem hafa skilað útkomuspá með fjárhagsáætlunum svo og skil þeirra eftir einstökum flokkum. Skilin eru lökust í flokknum „Önnur sveitarfélög“ en þar hefur um fjórðungur sveitarfélaga skilað slíkri

útkomuspá. Hlutfallið er mun hærra þegar tekið er mið af íbúafjölda. Það eru því sérstaklega fámennustu sveitarfélögin í þessum flokki sem hafa ekki skilað inn fjárhagsáætlun fyrir árið 2012 ásamt upplýsingum um líklega útkomu ársins 2011. Sama gildir um flokkinn „Vaxtarsvæði“. Þar hefur tæpur helmingur sveitarfélaga skilað þessum upplýsingum inn en í þeim sveitarfélögum sem hafa skilað upplýsingum búa um 73% íbúa í þessum flokki. Einnig koma fram í þessari töflu upplýsingar um vegið meðaltal útsvarsprósentu í hverjum flokki svo og landsmeðaltal útsvarsálagningar. Útsvarsálagningin er að jafnaði lægst á „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“.



Niðurstöður útkomuspár fyrir árið 2011

1. Rekstraryfirlit

Í rekstraryfirliti er birt samandregið yfirlit um tekjur og rekstrarkostnað sveitarfélaganna í útkomuspá þeirra fyrir árið 2011. Þar eru einnig tilteknar breytingar á lífeyrisskuldbindingum, afskriftir, fjármagnstekjur og gjöld ásamt óreglulegum liðum. Rekstrarniðurstaða (mismunur tekna og rekstrarkostnaðar) úr rekstraryfirliti útkomuspárinnar er birt í töflu 2.

Tafla 2. Niðurstaða rekstrar

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutf. af tekjum	Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutf. af tekjum	Vaxtarsvæði	Hlutf. af tekjum	Önnur sveitarfélög	Hlutf. af tekjum	Samtals	Hlutf. af tekjum
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226	100,0%
Skatttekjur	49.975	76,3%	37.539	77,8%	26.620	63,1%	17.455	54,4%	131.590	70,0%
Framlög jöfnunarsjóðs	4.514	6,9%	2.595	5,4%	7.436	17,6%	7.509	23,4%	22.054	11,7%
Þjónustutekjur og aðrar t.	10.982	16,8%	8.140	16,9%	8.161	19,3%	7.138	22,2%	34.420	18,3%
Samtals tekjur	65.471	100,0%	48.274	100,0%	42.217	100,0%	32.102	100,0%	188.064	100,0%
Laun og launatengd gjöld	34.775	53,1%	23.051	47,8%	22.313	52,9%	17.106	53,3%	97.245	51,7%
Annar rekstrarkostnaður	26.282	40,1%	18.064	37,4%	15.865	37,6%	12.245	38,1%	72.456	38,5%
Breyting lífeyrisskuldbindinga (áætl*)	1.100	1,7%	489	2,1%	289	1,3%	418	2,4%	2.295	1,2%
Samtals rekstrarkostnaður	62.157	94,9%	41.604	87,3%	38.467	91,7%	29.769	93,9%	171.997	91,5%
Rekstrarniðurstaða (tekjur-kostnaður)	3.314	5,1%	6.669	13,8%	3.750	8,9%	2.334	7,3%	16.067	8,5%
Hlutfall af rekstrarniðurstöðu		20,6%		41,5%		23,3%		14,5%		100,0%

Í töflu 2 eru birtar niðurstöður um tekjur og rekstrarkostnað sveitarfélaga fyrir árið 2011 úr útkomuspá þeirra sveitarfélaga sem hafa birt hana. Hlutfall íbúa í hverjum flokki er birt til samanburðar. Rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna er áætluð vera jákvæð um 16,0 ma.kr. sem er að jafnaði 8,5% af áætluðum heildartekjum. Rekstrarafgangur sem hlutfall af heildartekjum er hæstur hjá „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en lægstur hjá Reykjavíkurborg.

Tafla 3. Niðurstaða rekstrar, kr. á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
Skatttekjur	420.318	450.771	380.495	378.733	413.510
Framlög jöfnunarsjóðs	37.965	31.160	106.284	162.934	69.303
Þjónustutekjur og aðrar tekjur	92.365	97.739	116.643	154.877	108.162
Samtals tekjur	550.648	579.669	603.422	696.544	590.975
Laun og launatengd gjöld	292.478	276.802	318.932	371.151	305.585
Annar rekstrarkostnaður	221.047	216.912	226.763	265.696	227.688
Breyting lífeyrisskuldbindinga (áætl*)	9.252	9.255	5.622	19.308	9.380
Samtals rekstrarkostnaður	522.776	502.969	551.318	656.155	542.653
Rekstrarniðurstaða (tekjur-kostnaður)	27.873	76.700	52.104	40.390	48.322

Í framhaldi af þessu er áhugavert að sjá niðurstöður úr töflu 2 reiknaðar út á íbúa. Þá fæst á ýmsan hátt raunhæfari samanburður á milli einstakra flokka. Niðurstaða þessa útreiknings kemur fram í töflu 3.

Í töflu 3 er birt yfirlit um tekjur og rekstrarkostnað á hvern íbúa eftir einstökum flokkum svo og meðaltal fyrir landið allt. Skatttekjur eru hæstar á hvern íbúa á „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ en greiðslur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á hvern íbúa eru langhæstar hjá „Öðrum sveitarfélögum“ og á „Vaxtarsvæði“ og eins og gefur að skilja. Glögggt kemur fram að rekstrarkostnaður sveitarfélaga á hvern íbúa er hærri utan höfuðborgarsvæðisins, þar sem sveitarfélög eru

fámennari. Það á bæði við um launakostnað og annan rekstrarkostnað. Rekstrarniðurstaða á hvern íbúa er áberandi lægst í Reykjavík. Þar á eftir koma „Önnur sveitarfélög“ en afkoman er að jafnaði nokkuð álíka á hvern íbúa í sveitarfélögum utan Reykjavíkurborgar.

Afskriftir skipta máli varðandi afkomu sveitarfélaganna, enda þótt þær komi ekki til útgjalda á árinu. Niðurstaða úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna eftir að tekið hefur verið tillit til afskrifta og fjármagnsliða kemur fram í töflu nr. 4.

Tafla 4. Niðurstöður úr rekstraryfirliti sveitarfélaganna

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals	
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
Rekstrarniðurstaða (tekjur-kostnaður)	4.414		6.913		3.520		2.016		16.862
Afskriftir	3.205		2.507		2.318		1.206		9.236
Niðurstaða án fjármunat. og kostnaðar	1.209		4.406		1.201		810		7.626
Fjármunatekjur og kostnaður	-821		-4.637		-3.994		-1.295		-10.748
Heildarniðurstaða fyrir óreglulega liði	388		-232		-2.792		-486		-3.122
Óreglulegir liðir	0		2.185		1.280		0		3.466
Heildarniðurstaða eftir óreglulega liði	388		1.954		-1.512		-486		344

Í töflu 4 kemur fram að afkoma sveitarfélaganna, eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða, er í heildina tekið lakari en æskilegt er. Afkoma sveitarfélaganna er neikvæð sem nemur um 3,1 ma.kr þegar tekið er tillit til reiknaðra liða og fjármagnsliða. Fjármagnsliðir veða þungt í þessari niðurstöðu en þeir eru neikvæðir um 10,7 ma.kr í heildina tekið. Þeir samanstanda bæði af raunverulegum tekjum og útgjöldum en einnig af reiknuðum liðum s.s. vegna gengisbreytinga og verðbóta. Þarna skiptir því töluverðu máli áhrif af gengisþróun krónunnar og svo og niðurstöður úr útreikningum á verðbótaþætti vegna verðbólgu. Heildarniðurstaða fyrir óreglulega liði er reiknuð sérstaklega út. Hún segir hver sé afkoma sveitarfélaganna af hefðbundnum tekjustofnum og hefðbundnum rekstrarútgjöldum. Þar til viðbótar koma óreglulegir liðir sem geta verið mjög breytilegir frá einu ári til annars. Óreglulegir liðir geta verið tekjur vegna sölu eigna, sölu byggingarréttar og kostnaður vegna sérstakra aðstæðna s.s. náttúruhamfara eða annað sem ekki teljast

til hefðbundinnar starfsemi sveitarfélaga. Þeir veða það mikið í útkomuspánni að eðlilegt er að gera sérstaklega grein fyrir þeim.

2. Sjóðstreymi

Í sjóðstreymisyfirliti kemur m.a. fram hve mikið lausafé er til staðar þegar búið er að borga daglega reikninga. Einnig kemur þar fram hve miklar fjárfestingar eru fyrirhugaðar, hve mikil fjárförf er vegna fjárfestinga og afborgana af lánnum og hvernig þessi fjárförf er fjármögnuð. Þetta yfirlit er ekki síður mikilvægt til að átta sig á greiðsluhæfi sveitarfélags en rekstraryfirlitið.

Í töflu 5 kemur fram yfirlit um áætlað sjóðstreymi sveitarfélaganna á árinu 2011 samkvæmt útkomuspám þeirra.

Veltufé fé frá rekstri er það fjármagn sem eftir stendur af daglegum rekstri. Það nýtist til að greiða afborganir lána

Tafla 5. Sjóðstreymisyfirlit

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall	Vaxtarsvæði	Hlutfall	Önnur sveitarfélög	Hlutfall	Samtals 2011	
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
Veltufé frá rekstri	4.866		4.568		1.709		2.009		13.153
Veltufé frá rekstri (% af tekjum)	7,4%		9,5%		4,0%		6,3%		7,0%
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.	5.841		5.019		2.013		1.500		14.373
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	154		2		1.945		494		2.595
Eignarhlutir í félögum, breyting	186		-99		172		0		258
Breyting langtímakrafna	-7.322		194		443		-4		-6.690
Fjárfestingarhreyfingar	13.195		4.724		-203		1.010		18.726
Tekin ný langtímalán	6.341		8.103		1.129		1.896		17.470
Afborganir langtímalána	1.326		9.213		4.763		2.378		17.681
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyt.	-428		248		259		-38		40
Langtímask. v. eigin fyrirt. breyting	0		-345		349		94		97
Skammtímalán, breyting	0		-1.697		-106		-58		-1.860
Fjármögnunarhreyfingar	4.587		-2.904		-3.133		-484		-1.934
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	-3.742		-3.061		-1.220		516		-7.507

og annarra skuldbindinga og stendur þar að auki undir fjárfestingum eins langt og það nær. Þá er búið að bakfæra alla reiknaða liði úr uppgjöri rekstrarreiknings. Veltufé er góður mælikvarði á hve auðvelt er fyrir rekstraraðila að standa undir áhvílandi skuldbindingum. Ef veltufé frá rekstri dugar t.d. ekki til að standa undir afborgunum langtímalána er fullrar varúðar þörf því þá verður að taka lán til að greiða afborganir eldri lána og til að fjármagna framkvæmdir að fullu. Slíkt ástand getur einungis gengið í tiltölulega skamman tíma. Ef veltufé frá rekstri er neikvætt ættu allar viðvörunarþjöllur að hringja. Veltufé frá rekstri sem hlutfall af heildartekjum er lægst hjá sveitarfélögum á „Vaxtarsvæði“ og þar næst hjá Reykjavíkurborg. Að jafnaði er það um 7%.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum eru samtals um 14,4 ma.kr. á árinu 2011. Þar af er rúmur þriðjungur hjá Reykjavíkurborg. Þessi niðurstaða gefur til kynna

Tafla 6. Efnahagsreikningur

M.kr.	Reykjavíkurborg	Hlutfall Höfuðborgarsv. án Rvk	Hlutfall Vaxtarsvæði	Hlutfall Önnur sveitarfélög	Samtals				
Fjöldi íbúa og hlutfallsleg skipting	118.898	37,4%	83.278	26,2%	69.962	22,0%	46.088	14,5%	318.226
Fastafjármunir	114.302		106.569		106.640		54.368		381.879
Veltufjármunir	19.494		7.985		12.483		9.471		49.433
Eignir	133.796		114.554		119.123		63.839		431.312
Eigið fé	79.603		37.298		32.836		26.626		176.362
Skuldbindingar	8.128		10.938		8.107		8.696		35.869
Langtímaskuldir	35.186		57.767		64.027		21.022		178.002
Skammtímaskuldir	10.879		8.551		14.153		7.496		41.079
Skuldir og skuldbindingar samtals	54.193		77.256		86.287		37.213		254.950
Skuldir og eigið fé	133.796		114.554		119.123		63.839		431.312

verulegan samdrátt í almennum fjárfestingum sveitarfélaga frá því sem áður var. Það veldur ákveðnum áhyggjum því samdráttur í fjárfestingum sveitarfélaga hefur áhrif á atvinnulífið og atvinnustig í landinu. Sala rekstrarfjármuna er óverulegur hluti af fjármögnun fjárfestinga. Ný langtímalán er samtals um 17,5 ma.kr. Þar á móti er áætlað að greiða niður langtímalán um 17,7 ma.kr. þannig að það eru í heildina tekið tekin ný lán fyrir öllum afborgunum lána. Nokkuð virðist vanta upp á að fjármögnunarþörf sé uppfyllt í heildina tekið. Einungis hjá Reykjavíkurborg eru niðurstaða fjármögnunarhreyfinga jákvæð. Staða fjármögnunarhreyfinga er aftur á móti verulega neikvæð hjá „Höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæðum“.

Staða fjármögnunar gefur til kynna hvort sveitarfélög hafa náð að uppfylla fyrirsjáanlega fjárþörf í fjárhagsáætlun

eða ekki. Þar sem fjármögnun er neikvæð er ljóst að ekki liggur fyrir hvernig eigi að fjármagna fyrirsjáanlegar fjárfestingar og / eða afborganir lána. Því má síðan ekki gleyma að vegna efnahagsástandsins er ekki tryggt að öll sveitarfélög nái að uppfylla lánsfjárþörf sína á árinu.

3. Efnahagsreikningur

Í efnahagsreikningi er tekið saman yfirlit um eignir sveitarfélaganna og hvernig þær eru fjármagnaðar. Eignum er skipt upp í fastafjármuni og veltufjármuni eftir því hve auðvelt er að losa það fjármagn sem bundið er í eignum. Skuldahlíð efnahagsreiknings er skipt upp í skuldbindingar (sem eru fyrst og fremst lífeyrisskuldbindingar) og langtímaskuldir og skammtímaskuldir. Mismunur eigna og skulda er síðan eigið fé (höfuðstóll).

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um efnahagsreikning sveitarfélaganna.



Byggingaframkvæmdir í Kópavogi

Í töflu 6 kemur fram yfirlit um eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélaganna. Heildarskuldir og skuldbindingar nema samtals um 255,0 ma.kr. Skuldbindingar sem voru áður utan efnahags eru nú komnir inn í efnahagsreikning. Þær eru samtals að fjárhæð nálægt 45,0 ma.kr. Þar var um að ræða samninga við fjármögnunarfyrirtæki sem eru til komnir annað hvort vegna nýbygginga eða sölu og endurleigu fasteigna. Athuga ber að hluti af veltufjármunum sveitarfélaga (viðskiptakröfur) getur verið viðskiptakrafa á B-hlutastofnanir, s.s. hafnir og/ eða félagslega íbúðarkerfið. Í mörgum tilvikum er hæpið að þær kröfur verði greiddar. Því getur veltufjárstaðan verið ofmetin í einhverjum tilvika. Yfirleitt eru þó veltufjármunir verulega hærri en skammtímaskuldir sem segir að lausafjárstaða sveitarfélaganna sé í heildina tekið frekar góð. Fróðlegt er í þessu sambandi að skoða efnahagsreikninginn í krónum á íbúa. Á þann hátt fæst betri möguleiki á að bera stöðuna saman milli einstakra flokka.

Hér kemur glöggt fram að skuldir og skuldbindingar á íbúa í A-hluta sveitarsjóða eru lægstar í Reykjavík. Þær eru hæstar á íbúa á „Vaxtarsvæði“ en eru töluvert lægri annarsstaðar. Eiginfjárlutfall Reykjavíkurborgar er tæp 60% á meðan það er 32,6% á „Höfuðborgarsvæðinu án Reykjavíkur“ og 27,6% á „Vaxtarsvæði“. Samkvæmt

þessum niðurstöðum er efnahagur sveitarfélaganna að jafnaði sterkur en þó ber að taka útreikningum á eiginfjárlutfalli með ákveðnum fyrirvara. Til dæmis á það að vera meginregla að nota varfærnisþjórnarmið við verðmat eigna.

Á það ber þó að minna að hér eru birtar samandregnar niðurstöður fyrir einstaka flokka. Innan hvers flokks er iðulega töluverður breytileiki. Veltufjárlutfall í hverjum flokk kemur fram í neðstu línu töflunnar. Það sýnir hlutfall milli veltufjármuna og skammtímaskulda. Þetta hlutfall á helst að vera hærra en 1,0. Það þýðir að veltufjármunir (lausafé) séu að minnsta kosti jafnháir skammtímaskuldum. Ef veltufjárlutfallið er lægra en einn þá er ákveðin hætta á að lausafé sé ekki alltaf tiltækt þegar þarf að greiða reikninga. Það hefur t.d. í för með sér aukinn vaxtakostnað og jafnvel að það dragist úr hömlu að greiða reikninga. Slíkt er ætíð mjög slæmt því yfirleitt er lítið á opinbera aðila sem örugga og skilvísa viðskiptavini. Veltufjárlutfallið er hæst í Reykjavík en lægst hjá sveitarfélögum á „Höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur“ og á „Vaxtarsvæði“. Á landsvísu er það um 1,2 sem er í ágætu lagi. Breytileiki þessarar kennitölu er hins vegar verulegur milli einstakra sveitarfélaga.

Tafla 7. Efnahagsreikningur, kr. á íbúa

Kr. á íbúa	Reykjavíkurborg	Höfuðborgarsv. án Rvk	Vaxtarsvæði	Önnur sveitarfélög	Meðaltal f. landið
Fastafjármunir	961.345	1.279.680	1.524.259	1.179.658	1.200.026
Veltufjármunir	163.956	95.884	178.420	205.502	155.339
Eignir samtals	1.125.301	1.375.563	1.702.679	1.385.160	1.355.364
Eigið fé	669.507	447.874	469.335	577.716	554.205
Skuldbindingar	68.361	131.348	115.883	188.673	112.717
Langtímaskuldir	295.934	693.661	915.171	456.126	559.356
Skammtímaskuldir	91.499	102.681	202.290	162.644	129.086
Skuldir og skuldbindingar samtals	455.794	927.690	1.233.344	807.443	801.159
Skuldir og eigið fé	1.125.301	1.375.563	1.702.679	1.385.160	1.355.364
Eiginfjárlutfall	59,5%	32,6%	27,6%	41,7%	40,9%
Veltufjárlutfall	1,8	0,9	0,9	1,3	1,2

Að lokum

Miklu máli skiptir að fá upplýsingar eins snemma og mögulegt er um hvert stefnir í fjárhagslegri afkomu og efnahag sveitarfélaga. Ársreikningar liggja yfirleitt ekki fyrir fyrr en á vordögum. Samandregið yfirlit um niðurstöður þeirra er birt á haustin. Því skiptir miklu máli að fá niðurstöður úr útkomuspá um afkomu sveitarfélaganna á síðasta ári í upphafi hvers árs. Vitaskuld er hér um niðurstöður að ræða sem settar eru fram með ákveðnum fyrirvörum. Bæði er um að ræða óendurskoðaðar niðurstöður frá einstökum sveitarfélögum og síðan liggja ekki fyrir upplýsingar frá nema hluta sveitarfélaganna. Því verður að nota tiltæk gögn til að leggja eins snemma og hægt er mat á hver verður afkoma sveitarfélaganna í heild sinni og eins innan einstakra flokka. Þegar fyrir liggja niðurstöður frá sveitarfélögum sem byggja á upplýsingum frá sveitarfélögum þar sem búsettir eru um eða yfir 75% íbúa landsins þá eru þær orðnar þökkalega marktækar fyrir heildina. Þótt niðurstöðurnar geti vitaskuld tekið einhverjum breytingum þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir, þá er hér um að ræða verulega mikilvægar upplýsingar um fjárhagslega afkomu sveitarfélaganna á næstliðnu ári.



Frá Eyrarbakka

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga 2012/5

Ábm.: Gunnlaugur A. Júlíusson, sviðsstjóri



**Samband íslenskra
sveitarfélaga**

Borgartúni 30, Pósthólf 8100, 128 Reykjavík

Sími: 515 4900, Fax: 515 4903

www.samband.is samband@samband.is